

Nd.

563. Frumvarp til laga

um framlög til kynnisferða sveitafólks.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald, er nemur $\frac{1}{2}\%$ af heildsöluverði á kjöti og innveginni mjólk til mjólkurbúa, sbr. þó 3. gr.

2. gr.

Gjald það, er um ræðir í 1. gr., skal renna í sjóð, er nefnist „ferðasjóður sveitafólks“ og hefur það verkefni að styrkja kynnisferðir sveitafólks, sem ekki nýtur orlofs samkvæmt sérstökum lögum eða samningum.

3. gr.

Gjaldið til ferðasjóðs sveitafólks skal greiðast af:

- a. Allri mjólk og mjólkurvörum, sem seldar eru frá viðurkenndum mjólkurbúum, svo og annarri þeirri mjólk, sem verðjöfnunargjald er greitt af samkvæmt lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, nr. 1/1935, og
- b. öllu verðjöfnunarskyldu kjöti, sem selt er á innlendum markaði samkvæmt ráðstöfunum kjötverðlagnesnefndar, sbr. lög nr. 2 9. janúar 1935.

Gjöld þessi er óheimilt að telja til framleiðslu-, sölu- eða dreifingarkostnaðar, þegar útsöluverð vara þessara er ákveðið.

4. gr.

Gjöld til ferðasjóðs greiðir:

- a. Kjötverðlagnesnefnd að því leyti, sem gjald þetta greiðist af seldu kjöti.
- b. Mjólkurbú og mjólkursamsölur að því leyti, sem gjald þetta greiðist af mjólk og mjólkurvörum, eftir því sem sala á þeim vörum segir til um.

Gjöld þessi skulu afhent Búnaðarfélagi Íslands til varðveislu, þegar gengið er frá ársreikningum hlutaðeigandi innheimtustofnunar.

5. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal skipta hinum árlegu tekjum ferðasjóðs milli búnaðarsambandanna. Styrk úr ferðasjóði skal aðallega verja til þess að standast kostnað við hópferðir sveitafólks til að kynnast fjarlægum héruðum, búnaðarhátum þar og búnaðarframkvæmdum. Einnig er heimilt að verja fé úr sjóðnum til þess að greiða fyrir látæka einyrkja, er ekki eiga heinangengt, nauðsynlega aðstoð við heimilisstörf, meðun á ferðinni stendur.

6. gr.

Ráðherra setur reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um allar nánari framkvæmdir samkvæmt lögum þessum, þar á meðal um innheimtu gjaldsins, úthlutun fjárens og geymslu þess hjá búnaðarsamböndum, ef til kemur. Þar má einnig ákveða, að gjald samkvæmt 1. gr. skuli greiða af seldu kjöti og mjólk, þótt ekki sé verðjöfnunarskylt.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.